

# Fundargerð 11. fundar

## Landbúnaðar- og atvinnumálanefndar Flóahrepps

**Fundarstaður:** Fundarsalur Þingborg  
**Fundardagur:** Fimmtudagur 03.04.2025  
**Fundartími:** 16:00 - 18:15

Fundinn sátu: Stefán Geirsson, Guðmundur Bjarnason, Harpa Magnúsdóttir  
Fundargerð ritar: Guðmundur Bjarnason

### Dagskrá:

1. Samþykkt um búfjárhald
2. Drög að Atvinnumálastefnu neðri hluta Árnæssýslu

### Fundargerð:

1. Nefndin vann drög að samþykkt um búfjárhald fyrir Flóahrepp. Hún verður send á sveitarstjórn til umsagnar og álits.
2. Skoðuð voru loka drög að Atvinnumálastefnu neðri hluta Árnæssýslu. Nefndin sá að drögin höfðu lítilega breyst frá síðasta fundi en engir af neðangreindum punktum höfðu komist til skila inn í stefnuna. Hér fyrir neðan eru punktar úr síðustu fundargerð nefndarinnar:

“Nefndin fór yfir drögin og kom með eftirfarandi punkta:

- a. Glæra 11 - liður nr. 2 “Stuðla að fjölgun möguleikum óstaðbundinna starfa...” þarf að skoða orðalag. Nefndin leggur til eftirfarandi orðalag: “Stuðla að fjölgun á möguleikum til óstaðbundinna starfa...”.
- b. Glæra 11- liður nr. 2 “Styðja við fjölgun á húsnæði...” Þarf að skoða orðalag. Nefndin leggur til eftirfarandi orðalag: “Stuðla að auknu framboði á húsnæði...”.
- c. Glæra 12 - liður nr. 6 Í samstarfsaðilar stendur: “HMS” . Nefndin leggur til að skammstafanir verði skrifaðar út, í þessu tilfelli verður: “Húsnæðis- og Mannvirkjastofnun”, jafnvel hafa skammstöfun þá innan sviga. Þetta mætti skoða á fleiri glærum.
- d. Glæra 13 - liður nr. 8 “..... styðja við frumkvöðla á öllum aldri með fræðslu, aðst...” hér væri gott að bæta við kyni og þjóðerni. Nefndin leggur til eftirfarandi orðalag: “styðja við frumkvöðla óháð aldri, kyni og uppruna, með fræðslu, aðst...”.
- e. Glæra 13 - liður nr.9. “Samstarfsaðilar: Menningarnefndir og félög”. Nefndin leggur til að skoða hvort að söfn á svæðinu eigi að heyra undir samstarfsaðila í þessum lið.
- f. Glæra 12 - liður nr.12 “...nýta þekkingarstarfsfólk á svæðinu til uppbygg...” Orðið “Þekkingarstarfsfólk” þarf að skýra betur eða breyta.

Að öðruleiti er almenn ánægja með þessa stefnu.”

Ekki fleira tekið fyrir. Fundi slitið 18:15